

Stjórnarfundur 21.maí 2015 - símafundur

Á fundinum voru: Sveinn Steinarsson, Eysteinn Leifsson, Magnús Jósepsson, Jón Þorvarðarson, Vignir Sigurðsson og Hallveig Fróðadóttir sem ritaði fundargerð ásamt Eysteini Leifssyni
Dagskrá fundarins :

1. Markaðsverkefni með Íslandsstofu - staða þess.
2. Búnaðarlagasamningur
3. Starfshópur vegna aðkomu kynbótahrossa að Landsmótum
4. Equitana uppgjör
5. Könnun á samlegðaráhrifum á nánu samstarfi hagsmunafélaga í hrossarækt og hestamennsku. Félögin FHB, LH og FT hafa fengið vilyrði fyrir styrk að fjárhæð 1.000.000 - til að kanna kosti, ókosti og þau tækifæri sé gætu falist í nánu samstarfi og jafnvel sameiningu þessara félaga. Það þarf að ráða aðila í verkið – Kristinn Hugason hefur haft samband við formann LH og lýst yfir áhuga á að taka verkefnið að sér.
6. Kynbótasýningar 2015 - áhrif verkfalla
7. Önnur mál

Eysteinn ritaði fundargerð til að byrja með

Farið yfir stöðu mála varðandi markaðsverkefnið og gengur það samkvæmt áætlun
Formaður greindi fundarmönnum frá því að fyrir liggur að gerður verði nýr búnaðarlagasamningur við Bændasamtökin og að hann hafi átt fund með formanni BÍ vegna málsins. Óskað hann eftir liðsinni BÍ við að tryggja að hagsmuna hrossabænda verði gætt við gerð nýs samnings.
Starfshópur hefur fjallað um aðkomu kynbótahrossa að landsmótum og hvernig mætti gera þátt þeirra enn áhugaverðari og betri kynningarvettvang en hefur verið. Er í því sambandi horft til þess að hrossin verði færri og að sýning þeirra fari fram á betri tíma. Ræddar hafa verið leiðir við val á hrossum inná landsmótin og verða hugmyndir kynntar síðar í sumar eða á haustdögum.

Hallveig Fróðadóttir starfsmaður FHB kom inn á fundinn kl. 21:10 og tók við fundarritun
Equitana – farið yfir kostnaðarliði. Ekki fékkst styrkur úr þróunarsjóði. Sveinn vonast til að styrkur fái úr næstu úthlutun sjóðsins en umsóknarfrestur rennur út 3.júní.

Samlegðaráhrif af mögulegu samstarfi FHB, LH og FT – taka þarf saman okkar áhersluatriði varðandi mögulegt samstarf og hvað við viljum fá út úr þessu. Skoða þarf stjórnarsýsluna varðandi hvort félag fyrir sig t.d. gagnvart ráðuneytum, enda um að ræða búgreinafélag annars vegar og íþróttafélag hins vegar. Þarf e.t.v. að fá e-n utanaðkomandi til að fá nýja sýn á þetta eða væri betra að fá e-n sem þekkir vel til í því sem snýr að hestamennskunni og ræktun. Greiningar- og hugmyndavinna væri fyrsta skrefið. Styrkinn þarf að öllum líkindum að nota á þessu ári og skila niðurstöðum til staðfestingar til þróunarsjóð. Fundarmenn sammála um að auglýsa á hestamiðlunum eftir aðila sem hefði áhuga á þessu verkefni og Sveini falið að vinna að því með Lárusi formanni LH.

Kynbótasýningar 2015 - áhrif verkfalla, Fara rólega af stað og ýmsar skýringar á því, veðrið, ekki landsmót þetta árið og jafnvel að hrossaræktendur séu frekar á því að gefa ungu hrossunum lengri tíma. Eysteinn sagði að fáir áhorfendur hafi verið á sýningunni í Hafnarfirði fyrir í dag. Einnig sagði hann að nauðsynlegt sé að samræma vinnubrögð á milli landa enda fara allar niðurstöður inn í sama útreikningafasann hvort sem hross eru dæmd hér heima eða erlendis og tóku fundarmenn undir þá skoðun. Sveinn stakk upp á því að Þorvaldur Kristjánsson yrði fenginn á næsta stjórnarfund til skrafs og ráðagerðar um þessi mál og fundarmenn voru sammála því. Verkfallið hefur þau áhrif að ekki er hægt að sýna 5 vetra stóðhesta sem ekki voru komnir með spattmyndagreiningu inni í WF. Einnig er útflutningur í lamasessi vegna verkfallsins.

Bókun: FHB lýsir yfir áhyggjum með stöðuna sem búgreinin er í vegna verkfalls dýralækna sem starfa hjá Matvælastofnun og hvetur samningsaðila til að ná sáttum

8. Önnur mál – FHB styrkir landslið Íslands í hestaíþróttum fyrir HM um 600.000,-, Félag hrossabænda ætti hiklaust að eiga fulltrúa í Landsliðsnefndin fyrir 2017 til að styrkja þátttöku kynbótahrossa á HM. HM2015 – vinna við undirbúning er hafin. Sveinn – stefnum að því að halda síðasta stjórnarfund sumarsins í kringum 25. Júní.

Ekki var fleira gert á þessum fundi.